



Haldnir voru 22 fundir á árinu og alls voru erindi á dagskrá þeirra 642 og er það mestur fjöldi erinda sem nefndin hefur afgreitt á fundum frá því að samfelld úrvinnsla talnagagna um starfsemina hófst árið 2008.




Ný verkefni sem bárust til umfjöllunar hjá nefndinni árið 2013 urðu 186. Viðbætur við þegar heimiluð rannsóknarverkefni urðu jafn margar. Svör og tilkynningar voru ríflega 200, auk 70 annarra erinda.

Á myndinni hér að ofan er sýndur samanburður milli ára og sést að fjöldi erinda á dagskrá funda skipt eftir mánuðum á tímabilinu 2008-13 hefur verið með nokkuð svipuðum hætti. Mestur fjöldi verkefna er jafnan laust fyrir og eftir áramót og liggur helsta skýringin í því að seinnihluta árs hefja nemendur undirbúning lokaverkefna sinna í samstarfi við leiðbeinendur og ábyrgðarmenn. Mörg verkefnanna eru þess eðlis að umfjöllun Vísindasiðanefndar þarf um þau.




Árið 2013 bárust 186 umsóknir um heimildir nefndarinnar fyrir nýjum verkefnum. Það er fækkun um fáein verkefni frá árinu áður. Að jafnaði tók það nefndina 28 daga að afgreiða umsókn, miðað við að samskiptin við umsækjendur gengju fljótt og vel fyrir sig. Er það styttri afgreiðslufrestur en áður hefur náðst (34 dagar). Nokkur verkefni (11 talsins) voru til afgreiðslu hjá nefndinni í meira en 100 daga og lengstan tíma tók verkefni 181 dag að fá afgreiðslu. Skýringin liggur einkum í því að nefndinni bárust seint og um síðir svör við athugasemdum þannig að ekki var unnt að afgreiða umsóknirnar með eðlilegum hraða. Sé þessum 11 verkefnum bætt við þá varð meðalfjöldi daga fyrir afgreiðslu alls 34 dagar. Skemmstur afgreiðslutími hjá nefndinni voru tveir dagar.

Athyglisvert er, burtséð frá árinu 2013, að nýjum verkefnum hefur fjölgað jafnt og þétt hjá nefndinni frá árinu 2009 þegar verkefnum fækkaði allmikið vegna hrunsins. Meðalfjöldi verkefna á árunum 2009 – 2013 var 178.




Viðbætur við verkefni sem áður hafa hlotið heimild nefndarinnar urðu 186, eða 20 færri samanborið við árið 2012. Engu að síður er fjölgun á þessum verkefnum litið til lengri tíma. Árið 2008 voru samþykktar 143 viðbætur og hefur fjöldinn verið 174 á ári að jafnaði 2008-13. Kosturinn við viðbætur er einkum tvíþættur. Annars vegar fylgir því minna ónæði fyrir þátttakendur, einkum fyrir þá sem heimilað hafa víðtækar rannsóknir á sýnum sem þeir hafa veitt til rannsókna, falli viðbótin innan veittra heimilda. Þetta er mikilvægt vegna þess að hvarvetna í öðrum löndum hafa rannsakendur mætt ákveðinni þreytu meðal þeirra sem leitað er eftir því að taki þátt í rannsóknum. Hér á landi njótum við þess enn að almenningur er fús til þátttöku í vísindarannsóknum á heilbrigðissviði. Í því felst traust almennings á vísindamönnum á þessu sviði og fyrir framtíðina er mikilvægt að gæta vel að þeirri auðlind.

Hins vegar er mun einfaldari ferill við að sækja um viðbótarheimildir við rannsóknir og tekur afgreiðsla þeirra jafnan skemmri tíma en ef um er að ræða nýjar rannsóknir.



Öll verkefni í klínískum lyfjarannsóknum héraðs koma til afgreiðslu Vísindasiðanefndar. Þróun á fjölda verkefna sem fram fara hér á landi hefur verið með svipuðum hætti og að verið hefur um alla

Fjöldi námsverkefna hefur verið nokkuð stöðugur á tímabilinu 2008-2013, en þó hefur orðið smávægileg fjölgun frá og með árinu 2012. Ekki eru sjaanlegar breytingar á fjölda verkefna sem rekja mætti til efnahagshrunsins. Stöðugur fjöldi námsverkenda endurspeglar áherslu háskóla hér á landi á að styrkja innviði fræðastarfsins með því efla rannsóknargetu sína og gefa nemendum kost á að afla sér þjálfunar í vinnubrögðum við vísindarannsóknir.



Fjármál

Viðvarandi halli hefur verið á rekstri Vísindasiðanefndar undanfarin ár. Þrátt fyrir að árlega hafi verið ítrekaðar tillögur um lagfæringar á ramma fjárveitinga fyrir starfsemi nefndarinnar hafa þær málaumleitanið ekki hlotið náð fyrir augum þeirra sem vinna endanlegar tölur inn í fjárlagafrumvarpið hverju sinni. Starfsemin hefur gengið við þessar aðstæður eingöngu vegna velvildar og skilnings velferðarráðuneytisins.

Fjárveitingar hafa rétt ríflega dugað til að mæta húsnæðis- og launakostnaði vegna starfa fyrir nefndina. Þátttaka í alþjóðasamstarfi hefur verið í lágmarki, þó nokkuð hafi rofað til í því efni, og tæknileg þróunarvinna vegna starfseminnar hefur beðið betri tíma.

Undirbúningur frumvarpa til laga

Í ársbyrjun birti velferðarráðuneytið á vefsíðum sínum drög að frumvarpi til laga um vísindarannsóknir og frumvarpi um breytingu á lögum um lífsýnasöfn. Óskaði ráðuneytið athugasemda við frumvörpin til úrvinnslu áður en þau yrðu lögð fram á Alþingi. Frumvörpin voru svo kynnt þinginu í mars en tekin var ákvörðun um að fresta því að þau yrðu lögð fram í aðdraganda Alþingiskosninga. Heilbrigðisráðherra mælti svo fyrir frumvörpunum í október og eru þau til meðferðar hjá þingnefndum. Gert er ráð fyrir gildistöku nýrra laga um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði í upphafi árs 2015.

Verði frumvörp þessi að lögum verður starfsgrundvöllur nefndarinnar mun skýrari. Umboð og heimildir Vísindasiðanefndar verða betur skilgreind en verið hefur, verkaskipting skýrist, svo og hlutverk og skyldur ábyrgðarmanna og einföldun verður fyrir umsækjendum um heimildir til rannsókna með þátttöku fólks.

Undirbúningur rafrænna umsókna

Á árinu hófst undirbúningur að því að umsækjendur geti gengið frá umsóknum til nefndarinnar og sent þær með rafrænum hætti. Þetta er verkefni sem krefst nokkurs undirbúnings, m.a. við gerð eyðublaða sem notuð verða. Einnig þurfti að leita heimildar Þjóðskjalasafn fyrir varðveislu umsókna og fylgigagna með rafrænum hætti. Tókst ágætt samstarf við starfsmenn Þjóðskjalasafns og liggur heimild fyrir til þess að varðveita gögnin með rafrænum hætti. Þessari breytingu fylgir um leið aðlögun á breytingunum að málaskrá stjórnarráðsins, auk eyðublaðanna. Hefur nefndin notið dyggrar aðstoðar Rekstrarfélags stjórnarráðsins sem sér um rekstur tölvukerfis nefndarinnar, svo og Jóhönnu Hreinsdóttur, tölvunarfræðings hjá velferðarráðuneytinu. Gert er ráð fyrir að rafrænt umsóknarferli komist í notkun hjá Vísindasiðanefnd árið 2014.

Ný heimasíða

Haustið 2013 var tekin í notkun ný og endurgerð heimasíða Vísindasiðanefndar (vsni.is). Leitað var aðstoðar fyrirtækisins Emstrur ehf við verkefnið. Þetta tækifæri var notað til þess að fara yfir alla texta sem birtir eru á heimasíðu nefndarinnar. Uppistaðan eru textar sem upplýsa þátttakendur um stöðu þeirra og réttindi en einnig er þar að finna upplýsingar sem koma umsækjendum að notum. Uppsetning var einfölduð og samræmd og eru almenn viðbrögð þau að síðan þykir aðgengilegri en áður. Efni heimasíðu nefndarinnar eru sífellt í endurskoðun og aðlögun til þess að bæta þjónustu nefndarinnar og laga efni síðunnar að breytingum sem verða í starfsumhverfi heilbrigðisrannsókna á Íslandi.

Alþjóðasamstarf

Nokkuð rofaði til varðandi þátttöku í alþjóðasamstarfi. Eins og áður hefur verið haldið fram er næsta mikilvægt að fylgjast vel með á alþjóðavettvangi þannig að íslenskum vísindamönnum verði búin sambærileg skilyrði, hvað varðar heimildir til rannsókna, og tíðkast í öðrum löndum. Þátttaka í alþjóðlegu vísindasamstarfi er mikilvægur mælikvarði á gæði þeirra rannsókna sem fram fara á heimbrigðissviði hér á landi. Hún styrkir innviði starfseminnar hér á landi og gefur íslenskum

vísindamönnum samtímis tækifæri til þess að leggja sitt af mörkum til fræðasamfélagsins og þróun meðferða og lækninga og fá lagt mat á gæði starfseminnar hér á landi.

Á norrænum vettvangi er í gangi áttak til þess að efla samstarf landanna í klínískum rannsóknum. Áttakinu Nortice Trial Alliance var hleypt af stokkunum í ársbyrjun 2013. Fulltrúar Íslands í stjórn verkefnisins eru þeir Kristján Erlendsson og Pétur S. Gunnarsson, báðir hjá Landspítala-háskólasjúkrahúsi. Kristján er fulltrúi velferðarráðuneytisins í stjórn verkefnisins, sem er í umsjón NORDFORSK í Ósló, og styrkir það þátttöku nefndarinnar í alþjóðlegu starfi að formaður hennar gegni hlutverki á þeim vettvangi.

Á vegum European Forum for Good Clinical Practice voru sóttir tveir fundir á árinu: Annars vegar um þátttöku barna í rannsóknum og um skaðleysistryggingar fyrir þátttakendum í klínískum lyfjarannsóknum.

Staða nefndarinnar

Skrifstofu Vísindasiðanefndar bauðst tækifæri til þess að taka þátt í þriggja ára samvinnuverkefni siðanefnda, háskóla, fyrirtækja og stofnana í Evrópu um störf siðanefnda og leiðir til að dýpka samvinnu milli þeirra. Verkefnið er kostað af fjármunum í 7. Ramma áætlun Evrópusambandsins. Markmið verkefnisins er að bæta forsendur fyrir því að efla vísindarannsóknir á heilbrigðissviði og leita samfelli í umfjöllun aðila sem heimila slíkar rannsóknir. Þetta er einkum gert í þeim tilgangi að auka gagnsæi og miðla góðu verklagi í starfi siðanefnda sem fjalla um vísindarannsóknir á mönnum eða fjalla um brennandi siðferðilegar spurningar sem leiða af tækniþróun í heilbrigðisvísindum. Fyrirhugað var að skapa tækifæri fyrir meistara- eða doktorsnemanda með styrknum.

Í drögum að samningi um fjármögnun þessa verkefnis var styrkhlutur Vísindasiðanefndar áætlaður rúmar 18 milljónir króna á þremur árum. Með þátttöku í þessu verkefni hefði gefist afar gagnlegt tækifæri til alþjóðlegs samstarfs um þætti sem skipta miklu fyrir starfsemi nefndarinnar og þá þjónustu sem hún veitir þátttakendum og rannsakendum í vísindarannsóknum á heilbrigðissviði.

Þessu tækifæri varð að hafna af tveimur ástæðum: Annars vegar var ekki unnt að líta á Vísindasiðanefnd sem sjálfstæðan aðila gagnvart velferðarráðuneytinu. Ráðherra skipar nefndina, hún er ekki sjálfstæður fjárlagaliður o.s.frv. Sjálfstæði nefndarinnar gagnvart ráðuneytinu var dregið í efa þrátt fyrir yfirlýsingar ráðuneytisins um að það skipti sér ekki af efnislegum ákvörðunum nefndarinnar.

Hin ástæðan var sú að ef styrkurinn hefði verið veittur nefndinni hefði verið litið á styrkfjárhæðina sem sértekjur og hefði fjárveiting lækkað að sama skapi. Þetta hefði einfaldlega þýtt að fjárveiting skert vegna sértekna hefði hvergi nærri dugað til þess að standa straum af lögbundnum verkefnum nefndarinnar. Þetta fyrirkomulag í fjárlagagerðinni er ekki til hagsbóta fyrir starfsemi nefndarinnar.

Þessi tvö atriði gerðu að verkum að ekki var talið ráðlegt að sækjast eftir styrkfénu.

Verkefni sem samþykkt voru á árinu 2013

Fundur nr. 353, þriðjudaginn 15. janúar, 2013

Samþykkt verkefni

Nr.	Heiti	Ábyrgðarmaður
12-206	Mónókaprín í tannlími til meðhöndlunar á candidasýkingum undir gervitönnum.	Peter Holbrook
12-207	Tannheilsa og áhrif á lífsgæði aldraðra á stofnunum.	Inga B. Árnadóttir
12-212	Álagseinkenni meðal kraftlyftingafólks.	Árni Árnason
12-213	Sykursýki 2 í kjölfar meðgöngusykursýki.	Arna Guðmundsdóttir
12-219	Myndbandseftirhermun með iPad til þess að auka þátttöku barns á einhverfurófi í leik við jafnaldra.	Þorlákur Karlsson
13-005	A study on the effect of knee bracing on pain and function in unicompartmental knee osteoarthritis. Rannsókn á árangri hnéspelkumeðferðar til verkjastillingar og aukinnar hreyfigetu einstaklinga með slitgigt í hné.	Þorvaldur Ingvarsson
13-009	Rannsókn á tíðni illkynja sjúkdóma eftir nýrnaigræðslu og áhrif þeirra á líðan - Norræn rannsókn.	Margrét B. Andrésdóttir

Á dagskrá fundarins voru 38 erindi.

Fundur nr. 354, þriðjudaginn 29. janúar, 2013

Samþykkt verkefni:

Nr.	Heiti	Ábyrgðarmaður
12-180	Samantekt á ástandi lyfjagjafa á hjúkrunarheimilum	Pétur S. Gunnarsson
12-214	Lífstíll og hægðatregða barna.	Orri Þór Ormarsson
12-218	Samvinna heimilislækna og lyfjafræðinga við umsýslu lyfja hjá eldri einstaklingum á Íslandi.	Anna Birna Almarsdóttir
12-220	Mat á líðan fólks sem sækir námskeiðið <i>Heilsulausnir fyrir fólk í ofþyngd</i> . Forrannsókn (pilot study).	Daníel Þ. Ólason
13-012	Notkun örvandi lyfja við ADHD (ofvirkni með athyglisbrest) meðal fullorðinna á Íslandi 2003-2012.	Helga Zoëga
13-014	Meðferð og forspárþættir íslenskra brjóstakrabbameinssjúklinga árin 1980-2011.	Helgi Sigurðsson
13-019	Addison-sjúkdómur á Íslandi, algengi, meðferð og tíðni annarra sjúkdóma hjá þessum sjúklingahóp.	Helga Ágústa Sigurjónsdóttir
13-020	Athugun á tíðni og einkennum sérkennilegrar og árátukenndrar hegðunar meðal barna með röskun á einhverfurófi í ljós nýrrar skilgreiningar í DSM-5.	Emilía Guðmundsdóttir
13-026	Low dosage with escalating dosage of infliximab in psoriatic arthritis gives the same treatment results as standard dosage of adalimumab or etanercept: Results from the nationwide registry ICEBIO. Lágskammtameðferð með stýrðri skammtahækkun af infliximab gegn sóragigt gefur sama meðferðarávinning og staðlaðir skammtar af adalimumab eða etanercept. Niðurstöður frá ICEBIO.	Björn Guðbjörnsson

Á dagskrá fundarins voru 34 erindi

Fundur nr. 355, þriðjudaginn 12. febrúar, 2013

Samþykkt verkefni:

Nr.	Heiti	Ábyrgðarmaður
12-216	Reynsla og upplifun þolenda af einelti í framhaldsskólum.	Ársæll Már Arnarsson
13-001	Rúgíhlutun meðal karla með nýgreinda sykursýki af gerð 2 eða forsykursýki og	Laufey

	áhrif á heilsufarsbreytur. (A Rye Intervention - Assessing the effect of rye consumption and exercise on health variables in men recently diagnosed with diabetes or pre-diabetes - ARI)	Steingrímisdóttir
13-002	Áhrif íslenska efnahagshrunsins á heilsu barnshafandi kvenna og fæðingaútkomur.	Unnur Anna Valdimarsdóttir
13-008	Andleg og líkamleg líðan keppenda í vaxtarræktargreinum.	Guðmundur Sæmundsson
13-011	Þýðing og próffræðilegir eiginleikar íslenskrar þýðingar Binge Eating Scale (BES)	Ludvig Guðmundsson
13-015	Mat á árangri gjörhygli miðaðrar hugrænnar meðferðar í hópi fólks á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði.	Ragnar P. Ólafsson
13-016	Árangur af fimm vikna hugrænni atferlismeðferð í hóp við svefnleysi.	Ingunn Hansdóttir
13-021	Vísað frá
13-023	Sjálfsát í brjóst- og briskrabbameinsæxlum - framhald (sbr. VSN 11-155)	Helga M. Ögmundsdóttir
13-025	Árangur gallkögunar á Sjúkrahúsi Akraness 2003-2010	Fritz H. Berndssen
13-031	...	Vísað frá.
13-033	Algengi og framrás arfgengs blöðrunýrnasjúkdóms með ríkjandi erfðamáta.	Runólfur Pálsson

Á dagskrá fundarins voru 34 erindi

Fundur nr. 356, þriðjudaginn 26. febrúar 2013

Samþykkt verkefni

Nr.	Heiti	Ábyrgðarmaður
12-183	Áhrif fræðslu á munnhirðu 12 ára barna.	Inga B. Árnadóttir
13-006	: EudraCT nr: 2012-005253-24 Lýsisstílar við hægðatregðu í fullorðnum (LY203)	Orri Þór Ormarsson
13-010	Vice-Áhrif pneumókokkabólusetninga á Íslandi.	Ásgeir Haraldsson
13-013	Langtímarannsókn á tengslum ADHD einkenna á leikskólaaldri við námserfiðleika í grunnskóla.	Dagmar K. Hannesdóttir
13-018	Áhrif holdafars og lífsstíls á frávik í efnaskiptum barna.	Tryggvi Helgason
13-028	Fínálarvöðvarit frá ganglum-gagnasöfnun til þróunar stýringa fyrir gervifætur.	Kristleifur Kristjánsson
13-030	EudraCT nr. 2012-004966-16: Fjölsetra, slembiröðuð, tvíblind rannsókn þar sem borin eru saman áhrif meðferðar með QVA149 (indacateról maleate / glycopyrroníum brómíð) ásamt lyfleysu við salmeteról/flútikasón ásamt lyfleysu, í 52 vikur, á tíðni versnana hjá sjúklingum með meðal slæma eða mjög slæma langvinna lungnateppu. A 52-week treatment, multi-center, randomized, double-blind, double dummy, parallel-group, active controlled study to compare the effect of QVA149 (indacaterol maleate / glycopyrronium bromide) with salmeterol/fluticasone on the rate of exacerbations in subjects with moderate to very severe COPD.	Magni S. Jónsson
13-032	Árangursmat hugrænnar atferlismeðferðar í hóp við félagskvíða og áhrif á sjálfsmat þátttakenda.	Elín D. Gunnarsdóttir
13-036	Vísað frá.
13-041	Afdrif sjúklinga í kjölfar myndrannsóknar á lendhrygg.	Aron Björnsson

Á dagskrá fundarins voru 32 erindi

Fundur nr. 357, þriðjudaginn 12. mars 2013

Samþykkt verkefni

Nr.	Heiti	Ábyrgðarmaður
12-199	Bláæðasegamyndun hjá íslenskum konum á barneignaaldri	Reynir Tómas Geirsson
13-027	EudraCT nr. 2012-001628-37: A multicenter, single arm study of trastuzumab emtansine (T-DM1) in HER2 positive locally advanced or metastatic breast cancer patients who have received prior anti-HER2 and chemotherapy-based treatment	Óskar Þór Jóhannsson
13-035	Áhrif vals á þjálfunaraðstæðum á nám barna með einhverfu	Zulima G. Sigurðardóttir
13-037	Sérhæft mat á skjólstæðingum VIRK starfsendurhæfingarsjóðs. Tengsl sálfræðilegra prófa, markmiðssetningar og meðferðarúræða	Rúnar Helgi Andrason
13-038	Matarvenjur og næringarástand sjúklinga með bólgusjúkdóm í meltingarvegi	Alfons Ramel
13-039	Lífaðgengi omega3 fitusýra viðbættum matvæli og duftformi.	Alfons Ramel
13-047	Algengi ávísana á þunglyndis-, róandi og svefnlyf í heilsugæslu hjá ungu fólki á árunum 2006-2012	Emil Lárus Sigurðsson
13-049	Stýring gervifóta með ígræddum vöðvarafboðsnemum. Control of lower extremity prosthesis with implanted myoelectric sensors	Kristleifur Kristjánsson

Á dagskrá fundarins voru 39 erindi

Fundur nr. 358, föstudaginn 22. mars 2013

Samþykkt verkefni:

Nr.	Heiti	Ábyrgðarmaður
12-188	Heilaígerðir á Íslandi 1993-2012	Sigurður Guðmundsson
13-004	Gáttatif og heilablóðföll: CHA2DS2-VASc score í íslensku þýði	Karl K. Andersen
13-022	Notkun Calprotectins við mat á virkni anti-TNFa lyfja við ristilbólgu.	Einar S. Björnsson
13-029	Rannsókn á upplifun fólks af iðkun árvekni: eigindleg rannsókn.	Þóra Jenný Gunnarsdóttir
13-048	Rannsókn á höfuðhöggum barna og unglina: Áhættuþættir og afleiðingar	Guðmundur B. Arnkelsson
13-052	SENATOR: Þróun og klínísk prófun á hugbúnaði (tölvuforriti) sem metur og gefur ráðleggingar um lyfjameðferð og aðrar meðferðarleiðir hjá eldri einstaklingum.	Aðalsteinn Guðmundsson
13-053	Gæði umönnunar, þróun á heilsufari, færni og lifun íbúa á hjúkrunarheimilum.	Ingibjörg Hjaltadóttir
13-055	Samband sálfélagslegra þátta í vinnuumhverfi (e. Psychosocial work environment - PWE) og heilsufengdra lífsgæða (e. Health - related quality of life - HRQOL) hjá starfsfólki sem starfar við umönnun fullorðinna á Íslandi.	Kristinn Tómasson

Á dagskrá fundarins voru 22 erindi

Fundur nr. 359, þriðjudaginn 9. apríl 2013

Samþykkt verkefni:

Nr.	Heiti	Ábyrgðarmaður
13-017	Áhrif nútíma lífsstíls og streitu á heilsufar. (Forrannsókn samþykkt)	Unnur Anna Valdimarsdóttir
13-034	Hlutverk örveru og ensím hindrandi peptíða í ónæmisfræði sóra.	Björn Rúnar Lúðvíksson
13-043	Tengsl gáttatífs og blóðflæðis til heila.	Davíð O. Arnar
13-045	Áhrif Rajadhiraja hugleiðslu og Yudhistira pranayama á heilabylgjur og starfsemi hjarta með tilliti til ósjálfráða taugakerfisins.	Þór Eysteinnsson
13-046	Tíðni Helicobacter pylori sýkinga hjá íslenskum börnum.	Einar S. Björnsson

13-051	Líðan sjúklinga eftir lokun deildar.	Freydís J. Freysteinsdóttir
13-057	Hlutverk vefjastofnfruma í þroskun og sérhæfingu eðlilegs og illkynja brjóstskirtils. Námsverkefni að hluta.	Þórarinn Guðjónsson
13-061	Sérhæfð lífslokameðferð á bráðalegudeildum: Viðhorf og reynsla hjúkrunarfræðinga. Námsverkefni.	Elísabet Hjörleifsdóttir

Á dagskrá fundarins voru 24 erindi.

Fundur nr. 360, þriðjudaginn 23. apríl 2013

Samþykkt verkefni:

Nr.	Heiti	Ábyrgðarmaður
13-042	D vítamínbúskapur hjá bráðveikum sjúklingum.	Gísli H. Sigurðsson
13-056	Líðan langtímaatvinnulausra á Íslandi: Greining eftir kyni, aldri og menntun.	Ragna B. Garðarsdóttir
13-063	Algengi tegundar 1 sykursýki á Íslandi.	Ástráður B. Hreiðarsson
13-064	S-PAPP-A gildi sermi kvenna á meðgöngu með þrístæðu 16 í fylgju.	Jón Jóhannes Jónsson
13-065	Áhrif stöðugs misræmis á sólar- og staðartíma á dægursveflu og svefntíma Íslendinga.	Björg Þorleifsdóttir

Á dagskrá fundarins voru 27 erindi.

Fundur nr. 361, þriðjudaginn 7. maí 2013

Samþykkt verkefni:

Nr.	Heiti	Ábyrgðarmaður
13-058	Liffraskaði af völdum Anti-TNF alfa lyfja.	Einar S. Björnsson
13-060	Áhættumat fyrir æðakölkun í hálsslagæðum.	Vilmundur Guðnason
13-067	Rannsókn á sjálfsskaðandi hegðun sjúklinga á geðsviði Landspítala háskólasjúkrahúsi.	Herdís Sveinsdóttir
13-070	Áhætta á krabbameinum vegna mengunarþátta og lengd búsetu á háhita- og hitaveitusvæðum á Íslandi. Námsverkefni.	Vilhjálmur Rafnsson
13-073	Notkun svefnlyfja og róandi lyfja á Íslandi, algengi og nýgengi og tengsl við sjúkdómaklasa.	Kristján Linnét
13-074	Áhrif íhlutandi aðgerða á notkun greiningarrannsókna. Námsverkefni.	Tinna Laufey Ásgeirsdóttir

Á dagskrá fundarins voru 26 erindi

Fundur # 362, þriðjudaginn 28. maí 2013

Samþykkt verkefni

Nr.	Heiti	Ábyrgðarmaður
13-024	Tíðni Lynch heilkennis og MLH1 ofmetýlunar meðal sjúklinga með ristil- og endaparmskrabbamein á árunum 2000-2009.	Sigurdís Haraldsdóttir
13-054	Hin Góða Móðir. Orðræður og upplifun.	Ingólfur V. Gíslason
13-062	Eigindleg rannsókn á skilningi þátttakenda á ósértækri hugrænni atferlismeðferð við kvíða og þunglyndi.	Jón Fr. Sigurðsson
13-072	Rannsókn á meðferð fyrir einstaklinga með eyrnahljóð.	Ingibjörg Hinriksdóttir

13-075	Líðan og hegðun barna sem búið hafa við heimilisofbeldi á Íslandi.	Urður Njarðvík
--------	--	----------------

Á dagskrá fundarins voru 33 erindi.

Fundur nr. 363 þriðjudaginn 11. júní 2013

Samþykkt verkefni:

Nr.	Heiti	Ábyrgðarmaður
13-040	Er þéttni tPA (tissue plasminogen activator) í sermi á miðjum aldri áhættuþáttur fyrir því að þurfa gervilið í hné eða mjöðm vegna slitgigtar.	Helgi Jónsson
13-044	Alþjóðleg forprófun á áreiðanleika og gildi spurningalista um andleg líðan, EORTC-QLQ SWB36	Valgerður Sigurðardóttir
13-066	EudraCT númer: 2013-002067-26: Munur á skömmtum á prótónupumpuhemlum til kvenna og karla.	Einar S. Björnsson
13-068	Áhrif endurhæfingar á svefn hjá konum með vefjagigt.	Marta Guðjónsdóttir
13-076	Rannsókn á þjónustu sveitarfélaganna til fatlaðs fólks og áhrif hennar á val á búsetu.	Guðbjörg Andrea Jónsdóttir
13-078	Áhrif víðavangshlaups á vöðvaniðurbrot og nýrnastarfsemi.	Björn Magnússon
13-081	Lífsgæði, þátttaka og umhverfi íslenskra barna.	Snæfríður Egilson
13-084	Afleiðingar streitu á meðgöngu: áhrif fjármálakreppunnar á Íslandi á fæðingarútkomur kvenna. (In Utero Exposure to Maternal Stress: The Effects of the Financial Crisis in Iceland on Birth Outcomes)	Herdís Steingrimsdóttir
13-086	Arfgerð og svipgerð með Fabry-sjúkdóm á Íslandi.	Gunnar Þór Gunnarsson
13-091	Námsverkefni	Vísad frá
13-092	Rannsókn á aðgengi fatlaðra kvenna að sértækum stuðningi fyrir þolendur ofbeldis.	Rannveig Traustadóttir

Á dagskrá fundarins voru 28 erindi.

Fundur nr. 364, þriðjudaginn 25. júní 2013

Samþykkt verkefni:

Nr.	Heiti	Ábyrgðarmaður
13-069	Sykursýki og skert sykurþol í bráðum kransæðasjúkdómi.	Karl Andersen
13-071	EudraCT númer 2013-001093-16: Comparison of non-MMC trabeculectomy and dexamethasone nanoparticles eye drops with MMC trabeculectomy and Maxidex. A prospective, single-blinded, randomized pilot study.	Einar Stefánsson
13-080	Gallvegsskaði af völdum lyfja.	Einar S. Björnsson
13-087	Áhættuþættir kæfisvefns og afleiðingar hans með tilliti til erfðabreytileika.	Þórarinn Gíslason
13-088	Skólamáltíðir á Norðurlöndum – heilsuefling, frammistaða og hegðun grunnskólanemenda.	Ingibjörg Gunnarsdóttir
13-089	Undirbúningur fyrir fæðingu: Fæðingarsamtal við ljósmóður. Forprófun.	Helga Gottfreðsdóttir
13-090	Lífsstílstengdir heilsufarþættir eftir krabbameinsmeðferð.	Helgi Sigurðsson.
13-096	Hvert er mikilvægi þess að greina óeðlilega (atypíska) kirtla í grófnálarsýnum frá blöðruhálskirtli? Hefur slíkt forspárgildi varðandi greiningu illkynja meina síðar?	Jón Gunnlaugur Jónasson
13-100	Ættlægni dauðsfalla af völdum mislinga á Íslandi.	Magnús Gottfreðsson

Á dagskrá fundarins voru 31 erindi.

Fundur nr. 366, þriðjudaginn 27. ágúst 2013

Samþykkt verkefni

Nr.	Heiti	Ábyrgðarmaður
13-082	Stuðningur foreldra barna sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi/áreiti. (Support of Parents of Sexually Abused Children.)	Bryndís Björk Ásgeirsdóttir
13-098	Upplifun ungs fólks af offitumeðferð á Reykjalundi. Eigindleg rannsókn.	Ludvig Guðmundsson
13-101	Offita og sviperfðabreytingar í brjóstakrabbameinum.	Laufey Tryggvadóttir.
13-104 Námsverkefni.	Vísad frá.
13-107	Faraldsfræði áverkadauða hjá börnum á Íslandi frá 1980 til 2010. Námsverkefni. Gagnarannsókn.	Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir
13-111	Risafrumuæðabólga (GCA) og varicella zoster virus (VZV).	Vigdís Pétursdóttir
13-113	Getur samanburður á meinafræði og skurðmeðferð brjóstakrabbameina á Íslandi og Færeyjum varpað ljósi á mikilvægi kembileitar?	Kristján Skúli Ásgeirsson
13-114	Einstakar mæður – Tæknifrjógvanir einhleypra kvenna. Námsverkefni.	Helga Sól Ólafsdóttir

Á fundinum voru 32 erindi á dagskrá.

Fundur nr. 367, þriðjudaginn 10. september 2013

Samþykkt verkefni:

Nr.	Heiti	Ábyrgðarmaður
13-059	Rannsókn á erfðum sértækra námsörðuleika.	Kári Stefánsson
13-108	Athugun á kvíðaeinkennum í klínísku þýði með ADIS greiningarviðtali.	Dagmar K. Hannesdóttir
13-119	Einangrun á frumum úr naflastreng til almennra frumulíffræðirannsókna.	Vísad til LSH

Á dagskrá fundarins voru 25 erindi.

Fundur nr. 368, þriðjudaginn 24. september 2013

Samþykkt verkefni:

Nr.	Heiti	Ábyrgðarmaður
13-079	Eggjagið á Íslandi: Rannsókn á reynslu kvenna sem hafa gefið og þegið egg og hugmyndir þeirra um uppruna.	Jónína L. Einarsdóttir
13-085	EudraCT númer: 2011-004720-35: Fjölstöðva, opin, matsblinduð, fasa 4 rannsókn á sjúklíngum með snemmgreinda iktsýki, þar sem borin er saman hefðbundin meðferð með sjúkdómsdempanði lyfjum við þrjú líftæknilyf, með tveimur framhalds meðferðarörum með skammtaminnkun hjá þeim einstaklingum sem svara upphafsmeðferð vel.	Björn Guðbjörnsson
13-105	Samspil erfða og umhverfisþátta við tilurð og framvindu krabbameina sem tengjast BRCA-líkum breytingum og afdrif sjúklínga: Sviperfðabreytingar í brjósta- og eggjastokkakrabbameini.	Jórunn Erla Eyfjörð
13-106	Munur á áhættu við notkun bólgueyðandi gigtarlyfja og hjartamagnyls hjá mismunandi aldurshópum.	Einar S. Björnsson
13-115	EudraCT númer: 2013-000975-33: Novel Assay for the Determination of Urinary 2,8 Dihydroxyadenine and Other Key Urinary Purine Metabolites.	Viðar Eðvaldsson
13-118	Félagsleg upplifun einstaklinga sem eru í eða hafa lokið kynleiðréttingarferli.	Guðbjörg Oddsdóttir
13-120	Viðhorf kvenna til tíðablæðinga og tengsl þeirra við heilsufar, lifnaðarhætti og sjálfsmynd.	Herdís Sveinsdóttir
13-122	Drengir sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku þar sem gerandinn er kona.	Freydís J. Freysteinsdóttir
13-124	Ungar ekkjur, áfallaviðbrögð í kjölfar andláts maka og úrvinnsla. Námsverkefni.	Hrefna Ólafsdóttir

13-125	Rannsókn á uppsöfnuðum áhrifum ofþyngdar á krabbameinsbyrði, byggð á ferliþóp Leitarstöðvar og Krabbameinsskrá þar sem beitt er aldurs-tímabils –fæðingarhóps (age period cohort.)	Laufey Tryggvadóttir
13-126	Banvænar eitranir meðal fíkla á Norðurlöndum árið 2012.	Svava H. Þórðardóttir
13-128	Forprófun á klínísku viðtali fyrir félagsfælni. Námsverkefni.	Andri Steinþór Björnsson
13-109	Erfðir og frumutengdir bæliferlar í meinmyndun hjá IgA skorts einstaklinga.	Björn Rúnar Lúðvíksson

Á fundinum voru 36 erindi á dagskrá

Fundur nr. 369, þriðjudaginn 8. október 2013

Samþykkt verkefni:

Nr.	Heiti	Ábyrgðarmaður
13-117	Algengi lektínferilsskort á Íslandi og heilsutengd lífsgæði einstaklinga með skertan lektínferil.	Björn Rúnar Lúðvíksson
13-127	Klínískt matskerfi fyrir sjúklinga sem eru að fara að og eru búnir að gangast undir heildarmjaldmaliðarskipti.	Halldór Jónsson
13-129	Reynsla kvenna af því að nota þunglyndislyf í flokki SSRI á meðgöngu.	Hrefna Ólafsdóttir
13-130	BREATH – Andrými; Náttúrutengsl í daglegu lífi og áhrif þeirra á líðan einstaklinga.	Gunnþóra Ólafsdóttir
13-132	Fjölpjóðleg rannsókn á nýgengi og meðferð sýklasóttar. International Multicentre PREvalence Study on Sepsis (IMPRESS).	Gísli Heimir Sigurðsson
13-135	EudraCT númer: 2013-000544-26: Determination of antifungal activity of Loceryl. Nail Lacquer 5% when used concomitantly with a cosmetic nail varnish compared to a Loceryl. Nail Lacquer %% alone in treatment of toenail Distal Subungual Subungual Onychomycosis. Fasa 4 rannsókn.	Bárður Sigurgeirsson

Á dagskrá fundarins voru 27 erindi.

Fundur nr. 370, þriðjudaginn 22. október 2013

Samþykkt verkefni:

Nr.	Heiti	Ábyrgðarmaður
13-095	EudraCT númer: 2012-004208-37: A Randomized, Multi-center. Placebo-controlled. Parallel-group Study to Determine the Effects of AMG 145 Treatment on Atherosclerotic Disease Burden as Measured by Intravascular Ultrasound in Subjects Undergoing Coronary Catheterization - GLAGOV. Slembuð, fjölsetra, samanburðarrannsókn við lyfleysu með samhliða hópum til að ákvarða áhrif meðferðar með AMG 145 á sjúkdómsbyrði vegna kransæðakölkunar sem mæld er með ómun hjá sjúklingum sem gangast undir hjartaþræðingu - GLAGOV.	Ragnar Daníelsen
13-116	Hlutlægar rannsóknir á stöðustjórnun (Postural management).	Þórarinn Sveinsson
13-136	Forprófun á matstækinu Pain assessment in advanced dementia (Painad) til að meta verki hjá einstaklingum sem eiga erfitt með að tjá sig um verki.	Elfa Þöll Grétarsdóttir
13-140	Vöðvastyrkur miðlæga og hliðlæga aftanlærisvöðva og vöðvavirkni þeirra við þrenns konar uppsetningu á „Nordic Hamstring“ æfingunni.	Kristín Briem
13-141	Notagildi og árangur lofttæmisbúnaðar í gervilimalausnum ásamt Seal-In hulsu fyrir eldri einstaklinga.	Kristleifur Kristjánsson

Á fundinum voru 18 erindi á dagskrá

Fundur nr. 371, þriðjudaginn 5. nóvember 2013

Samþykkt verkefni:

Nr.	Heiti	Ábyrgðarmaður
13-121	Tengsl þroskaskerðingar við niðurstöður áhættumats.	Anna Kristín Newton
13-131	Áhrif síðbúinna fyrirburafæðinga á námsárangur.	Tinna Laufey Ásgeirsdóttir
13-133	Áhrif æxliseiginleika og meðferðar á horfur brjóstakrabbameinssjúklinga með BRCA2 stökkbreytingar.	Laufey Tryggvadóttir
13-134	Meðferð og afdrif sjúklinga með bráða kransæðastíflu í Egilsstaðalæknishéraði á árunum 2008-2012.	Óttar Ármannsson
13-138	Langvinnur nýrnasjúkdómur á Íslandi 2008-2013.	Ólafur Skúli Indriðason
13-142	Vísad frá.
13-143	Geðlyfjanotkun karla og kvenna á árunum 2003-2012. Námsverkefni.	Magnús Jóhannsson
13-144	Next generation disease mapping (NextGene).	Kári Stefánsson
13-147	Kortlagning og einangrun áhættugena flogaveiki (epilepsy).	Kári Stefánsson
13-150	Áhrif íslenska efnahagshrunsins á hjartaheilsu. Námsverkefni að hluta.	Tinna Laufey Ásgeirsdóttir

Á dagskrá fundarins voru 24 erindi.

Fundur nr. 372, þriðjudaginn 19. nóvember 2013**Samþykkt verkefni:**

Nr.	Heiti	Ábyrgðarmaður
13-103	Genaleit í ættlægri meðgöngueitrun í fjölskyldum á Íslandi.	Reynir Arngrímsson
13-145	Læknaráp á Íslandi, umfang og eðli.	Magnús Jóhannsson
13-146	Nýtanlegt orkuinnihald brjóstamjólkur fyrir drengi og stúlkur sem eru eingöngu á brjósti við tæplega sex mánaða aldur. (Metabolizable energy content of breast-milk for nearly six months old boys and girls following exclusive breastfeeding).	Geir Gunnlaugsson
13-148	Vertebral osteomyelitis á Íslandi 1984 – 2013.	Sigurður Guðmundsson
13-149	Mat á vöðvavirkni og samvirkni vöðva umhverfis hnéð með og án álagsléttandi hnéspelku við hraða göngu.	Pórarinn Sveinsson
13-152	Sjúkraflug til Landspítala árin 2008-2012. Námsverkefni.	Brynjólfur Mogensen
13-160	Árangur bris- og skeifugarnarbrottnáms og hlutabrottnáms á brisi á LSH 2003-2012.	Kristín Huld Haraldsdóttir
13-163	Próffræðileg athugun á íslenskri gerð ASEBA mats- og skimunarlistunum fyrir fólk á aldrinum 60-90 + ára. Forathugun. Námsverkefni.	María Kristín Jónsdóttir
13-166	Sjúkraflug þyrlu Landhelgisgæslu Íslands árin 2001-2002. Námsverkefni.	Brynjólfur Mogensen

Á dagskrá fundarins voru 27 erindi.

Fundur nr. 373, þriðjudaginn 3. desember 2013**Samþykkt verkefni:**

Nr.	Heiti	Ábyrgðarmaður
13-093	Áreiðanleiki mælinga með nýrri frumgerð af HPH mælingum og könnun á stífnistuðli brjósthyggjarliða einkennalausra einstaklinga á aldrinum 20 til 30 ára og 40 til 50 ára.	María Ragnarsdóttir
13-123	Eudract númer: 2011-004404-37: Pazopanib in advanced Gastrointestinal Stromal Tumours Refractory to Imatinib and Sunitinib - A Non-comparative Phase II	Friðbjörn Sigurðsson

	Multicenter Study by the Scandinavian Sarcoma Group. Study number SSG XXI. Study short name: PAGIST.	
13-154	Lífsgæði barna með kuðungsígræðslu: Samband á milli mats barna með kuðungsígræðslu á eigin lífsgæðum, hæfninni til að greina stök orð, skýrmæli þeirra og viðhorf foreldra til kuðungsígræðslu.	Drífa B. Guðmundsdóttir
13-157	Raddvandi atvinnusöngvara: algengi, einkenni og áhættuþættir.	Þórunn Hanna Halldórsdóttir
13-158	Áhrif ytri krafta á vöðvavirkni mjaðmavöðva við framkvæmd tveggja æfinga.	Kristín Briem
13-164	Heildarmat á upplifun þeirra sem stama. Þýðing og staðfærsla OASES-S.	Jóhanna Einarsdóttir
13-167 Námsverkefni.	Vísad frá.
13-169	Langvinnt eitilfrumuhvítblæði. Algengi, aðdragandi, greiningar og undanfari. Námsverkefni.	Anna Margrét Halldórsdóttir
13-170	Svefnlyfjanotkun og fjöllyfjanotkun ávanabindandi lyfja meðal karla og kvenna á Íslandi á árunum 2003-2013. Námsverkefni.	Lárus Steinþór Guðmundsson
13-171	Fjölpjöldleg skrá yfir Gilenya® meðferð við MS sjúkdómi á meðgöngu.	Þóra Steingrimsdóttir
13-173	Tækifæri og þátttaka hælisleitenda til að takast á við dagleg viðfangsefni sem eru þeim mikilvæg. Námsverkefni.	Snæfríður Þóra Egilson.
13-177	Samanburður á tveimur mismunandi aðferðum í hreyfimyndum neðri útlíma hjá íþróttamönnum í snerpuprófi með tilliti til stöðu hnjáliða. Námsverkefni.	Magnús Kjartan Gíslason
13-180	Meinvaldandi bakteríur í þvagi íslenskra barna. Námsverkefni.	Viðar Eðvarðsson

Á dagskrá fundarins voru 34 erindi.

Fundur nr. 374, þriðjudaginn 17. desember 2013

Samþykkt verkefni:

Nr.	Heiti	Ábyrgðarmaður
13-099	Samanburður á hreyfiproska barna í heilsuleikskólum og leikskólum sem fylgja öðrum stefnum.	Þjóðbjörg Guðjónsdóttir
13-137	Áhættuþættir sóragigtar.	Þorvarður J. Löve
13-139	Áhrif grenningarmeðferðar á glasafrjóvgunarmeðferðir kvenna með offitu.	Snorri Einarsson
13-151	Skilningur ungra barna á málfræðilegu flóknum setningum.	Sigríður Arndís Þórðardóttir
13-155	Viðhorf barnshafandi kvenna til fæðingar - forprófun mælikvarðans CAQ (Childbirth Attitudes Questionnaire).	Hildur Sigurðardóttir
13-156	iFAAM EuroPrevall-eftirfylgnirannsóknin (Integrated Approaches to Food Allergen and Allergy Risk Management). Verkbáttur 1.1: Næring á fyrstu árunum og ofnæmi hjá börnum úr EuroPrevall fæðingarúrtakinu. Markmið 1.2: Klínísk eftirfylgni barna úr EuroPrevall fæðingarúrtakinu.	Sigurveig Þ. Sigurðardóttir
13-159	Ánægjukönnun meðal lækna með útskriftarferli aldraðra einstaklinga. Samantekt og samanburður á lyfjaávísanavillum við útskrift aldraðra einstaklinga af sjúkrahúsi með eða án sérstakrar lyfjaskýrslu.	Þórunn K. Guðmundsdóttir.
13-172	Líkamsmynd og tíðni átröskunareinkenna meðal íslenskra stúdenta.	Páll Biering
13-174	Flogaveiki á meðgöngu, algengi og tíðni fylgikvilla hjá móður og barni.	Elías Ólafsson
13-175	Viðhorf barnshafandi kvenna í hefðbundinni meðgönguvernd og heilbrigðisstarfsmanna á Íslandi, til greiningar á litningagöllum sem m.a. geta leitt til Downs heilkennis.	Helga Gottfreðsdóttir
13-176	Greining hagnýtra viðmiða við umönnun eldra fólks í heimahúsum.	Pálmi V. Jónsson
13-178	Þjálfunarinnngrip með sjónrænni endurgjöf vöðvarafrits hefur jákvæð áhrif á vöðvavirkni, virkjun á innsta kviðvöðva og áhrif bakverkja á daglegt líf hjá einstaklingum sem hafa forsögu um smásjáraðgerð við brjósksli á mjóhryggjarsvæði og seinkun á virkni í innsta kviðvöðva.	Magnús Kjartan Gíslason
13-181	Sjálfsmat unglunga á aldrinum 12-14 ára á alvarleika á stami þeirra með 9 punkta alvarleikastuðli. Námsverkefni.	Jóhanna Einarsdóttir
13-182	Eigin stofnfrumuígræðsla á Landspítala – fyrstu 10 árin.	Sigrún Reykdal

	Námsverkefni. HS vék af fundi	
13-185 Námsverkefni.	Vísað frá.
13-188	Endursköpun á erfðamengjum löngu látinna einstaklinga: Dæmið um Hans Jónatan. Námsverkefni.	Kári Stefánsson
13-189	Grindarbotnsáverkar og einkenni eftir fæðingu og snemmíhlutun með sjúkraþjálfun. Námsverkefni	Þóra Steingrímisdóttir
13-191	Er seinkun í greiningu einhverfu hjá börnum innflytjenda á Íslandi? Frumrannsókn. Námsverkefni.	Evald Sæmundsen
13-192	Nýgengi vaxtarlínuskriðs í mjöðmum á Íslandi frá 2008 – 2014. Námsverkefni.	Sigurveig Pétursdóttir
13-193	Nýgengi og meðferð meðfædds mjaðmarliðshlaups. (e. Developmental Dysplasia of the Hip, DDH) á Íslandi frá 2008-2014. Námsverkefni.	Sigurveig Pétursdóttir

Á dagskrá fundarins voru 43 erindi.